

Skipulagsfulltrúi  
Skaftárhreppur  
Klausturvegi 10  
880 Kirkjubæjarklaustur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 15. október 2015  
UST201509-110/K.S.J.  
10.04.03

## Efni: Tillaga að deiliskipulagi hótels í landi Orustustaða í Skaftárhreppi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skaftárhrepps er barst 16. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi hótels í landi Orustustaða í Skaftárhreppi.

Í upphafi greinargerðar kemur fram að ofangreint deiliskipulag er áætlað rúmum 20 km austan við Kirkjubæjarklaustur í landi Orustustaða í Skaftárhreppi. Deiliskipulagstillögunum er tæpir 40 ha og skiptist svæðið þannig að 28 ha eru innan Orustustaða, 10 ha eru innan óskipts lands jarðanna Hraunbóls/Sléttabóls og 0,5 ha innan Fossjarða. Áætlun er um að reisa 200 gistirými, alls 7000 m<sup>2</sup> ásamt aðstöðu fyrir móttöku og aðra þjónustu hótelsins. Jörðin Orustustaðir lagðist í eyði um 1950. Svæðið sem reisa á gætist á er að mestu óraskað svæði.

## Inngangur - tilkynningaskyld framkvæmd

Í inngangi greinargerðar kemur fram að ofangreind framkvæmd fellur undir flokk B í viðauka laga nr. 106/2000 og ber því að tilkynna til Skipulagsstofnunar sem framkvæmd sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Umhverfisstofnun hefur ekki fengið slíka tilkynningu til umsagnar. Umhverfisstofnun áskilur sér allan rétt til að koma með athugasemdir umfram þær sem eru í þessari umsögn ef viðbótarupplýsingar um umhverfisáhrif ofangreindrar framkvæmdar koma fram í tilkynningu framkvæmdarinnar til Skipulagsstofnunar.

## Náttúruminjar

Eins og fram kemur í greinargerð er mikið um votlendi á Brunasandi og í greinargerð kemur einnig fram að vegur að væntanlegu hóteli að Orustustöðum kemur til með að þvera 13 læk, sem sýnir að mikið vatn fer um svæðið. Umhverfisstofnun ítrekar það sem fram kemur í greinargerð að mýrar og flórar 3 ha að stærð eða stærri njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Fram kemur að á svæðinu sunnan væntanlegra framkvæmda eru búsvæði margra fágætra fuglategunda og að dvöl katta og hunda verði takmörkuð á svæðinu. Umhverfisstofnun bendir á að á varptíma er öll umferð sem valdið getur truflun bönnuð nálægt varpsvæði fágætra fugla. Í reglugerð um friðun tiltekinna villtra fuglategunda, friðlýsingu æðarvarps, fuglamerkingar, hamskurð o.fl. nr. 252/1996 kemur fram í 1. gr. að: „Dvöl manna er óheimil við hreiður fálka, hafarnar, snæuglu, haftyrdils,

*keldusvíns og þórshana vegna myndatöku, upptöku á hljóðum, athugana á lifnaðarháttum eða í öðrum tilgangi sem ætla má að geti valdið truflunum.”*

## **Umferð og bílastæði**

Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að lækir frá hrauninu renni um ræsi undir veginn, til að koma í veg fyrir að vegagerðin hafi neikvæð áhrif á votlendi suður af framkvæmdasvæðinu. Umhverfisstofnun bendir einnig á að þar sem áætlaður aðkomuvegur er eini vegurinn á svæðinu þá er allur akstur véknúinna farartækja utan þess vegar bannaður.

## **Frárennsli**

Í greinargerð kemur fram að gerð er krafa um þriggja þrepa hreinsistöð fyrir fráveitu. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að koma fram í deiliskipulagi hvert þriðja þrepið er og rökstuðningur fyrir valinu.

Í umhverfisskýrslu kemur fram að magn persónueininga í skólpi skuli reiknað út frá grundvelli mesta meðalmagns á viku sem fer um hreinsistöðina á ári. Í reglugerð um fráveitur og skólp er persónueining skilgreind sem það magn lífrænna efna, næringarsalta og annarra efna sem samsvarar því sem einn einstaklingur er að jafnaði talinn losa frá sér á sólarhring. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að gæta þess að vanmeta ekki magn lífrænna efna í skólpi.

Umhverfisstofnun tekur undir það að áætlað er að vanda til með hreinsivirki sbr. liður 4.4. heilsa og öryggi í umhverfisskýrslu, en bendir á að erfitt er að lofa því að engin neikvæð umhverfisáhrif verði af fráveitu nema ef sett er safnþró og öllu frárennsli ekið burt jafnóðum.

## **Umhverfisskýrsla**


### **Sjónræn áhrif**


Umhverfisstofnun tekur undir að sjónræn áhrif verða af áætluðum byggingum, enda svæðið óraskað að mestu. Stofnunin bendir á mikilvægi þess að litaval verði þannig að byggingar falli eins vel og kostur er inni umhverfið. Stofnunin tekur undir þá áætlun um að að nýta staðargróður og íslenskar trjátegundir þar sem græða þarf upp.

### **Efnistaka**

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að öll efnistaka vegna áætlaðra framkvæmda fari að lögum og reglugerðum

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg B Guttormsdóttir  
Teymisstjóri